

51. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við ómála flutning til Íslands.

1871.
26. júní.

Með bréfi 24. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir sókt um, að jafna megi niður þeim 50 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir flutning ómála unglings Kristjáns Jónssonar frá Kaupmannahöfn til Íslands vorið 1869, á alla hreppa amtsins, og með því ekki virðist vera nein ástæða til, að framfærsluhreppur hlutadeiganda greiði þetta gjald, þar sem allur kostnaður við ómála flutninga til hins konunglega ómála-skóla í Kaupmannahöfn, og dvöl þeirra þar, er að öðru leyti goldinn af öllu amtinu, ef ættingjar ómálans hafa ekki efni til, hefir amtið jafnframt farið þess á leit, að því verði veitt heimild til að borga flutningskaupið á tæðan hátt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér anglysið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu amtsins.

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um uppgjöf á staðfestingar-gjaldi veitingarbréfs fyrir prestakalli.

27. júní.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, með bréfi 12. apríl þ. á. hafið sent hingað bænarskrá, þar sem presturinn að Tjörn og Upsum í Eyjafjarðarsýslu, sèra Hjörleifur Guttormsson, hefir sókt um, að sèr verði gefið upp gjald það, 14 rd. 48 sk., sem ber að greiða fyrir konunglega staðfestingu veitingarbréfs hans, 9. apríl 1869, frá stiptysfrvöldunum yfir Íslandi fyrir Hvamms brauði í Dalasýslu, hafið þér vottað, að sækjandi hafi ekki tekið við Hvamms brauði, að honum hafi verið veitt í staðinn fyrir það annað prestakall, sem hann nú hefir, og að efnahagur hans sè lítill, og hafið þér mælt með því, að það verði veitt, sem hann hefir sókt um.